



335. fundur Afrekssjóðs ÍSí 28. apríl 2025 kl. 12.00

Mætt öll á Teams

Stjórn: Þórey Edda Elísdóttir (ÞE), Stefán Jóhannesson (SJ), Sigrún Ámundadóttir (SÁ),
Aðrir: Kári Steinn Reynisson (KSR) sem ritaði fundargerð, Brynja Guðjónsdóttir AMÍ (BG)

Fjarverandi: Daníel Jakobsson (DJ) formaður, Guðrún Inga Sívertsen (GS),

1. Niðurfellingar vegna 2023

Yfirferð uppgjors og ársreikninga með tilliti til afrekskostnaðar og sundurliðun afreksþátta vegna ársins 2023 er lokið hjá síðasta sérsambandinu. Gerð er tillaga um eftirfarandi niðurfellingar:

Sérsamband	Úthlutun	Tillaga að niðurfellingu	Lokaupphæð 2023	Skýring
SKÍ - Skíðasamband Íslands	36.500.000	1.647.600	34.852.400	þar af 1.647.500kr. v/heilbr.teymis

Niðurfellingar ársins 2023 eru þá alls 10.632.861 kr.

Eru þá frágengin öll uppgjör vegna ársins 2023.

Stjórn Afrekssjóðs leggur til að fella niður afreksstyrki að þessu sinni, 1.647.600 kr. skv. framangreindu til viðbótar fyrri niðurfellingum að fjárhæð 8.985.261 kr.

Eru niðurfellingar vegna ársins 2023 2,0% í samanburði við 1,5% árið 2022. Niðurfellingar sérsambanda 2022 og 2023 má sjá á neðangreindri töflu. Einnig í hvaða afreksþáttum styrkir falla helst niður.

Sérsamband		Heildarúthlutun 2023	Niðurfellingar 2023	Hlutfall niðurfellinga 2023	Heildarúthlutun 2022	Niðurfellingar 2022	Hlutfall niðurfellinga 2022
AKÍs	Akstursíþrótt	787.500	287.500	36,5%	0	0	0,0%
BFSÍ	Bogfimisamb	12.150.000	254.443	2,1%	10.000.000	0	0,0%
BLÍ	Blaksamban	9.100.000	200.000	2,2%	13.000.000	0	0,0%
BSÍ	Badminton	11.400.000	625.000	5,5%	10.450.000	544.832	5,2%
BTÍ	Borðtenniss	1.890.000	434.098	23,0%	2.250.000	0	0,0%
DSÍ	Dansíþróttas	11.350.000	272.500	2,4%	11.483.950	188.175	1,6%
FRÍ	Frjálsíþróttas	39.550.000	0	0,0%	36.700.000	0	0,0%
FSÍ	Fimleikasamb	54.700.000	0	0,0%	64.724.775	0	0,0%
GSÍ	Golfsamban	39.400.000	0	0,0%	36.350.000	118.500	0,3%
HNÍ	Hnefaleikas	1.950.000	500.000	25,6%	1.750.000	190.688	10,9%
HRÍ	Hjólríðisamb	3.300.000	371.354	11,3%	3.300.000	784.958	23,8%
HSÍ	Handknattle	86.600.000	0	0,0%	86.600.000	0	0,0%
ÍF	Íþróttasamb	29.375.000	0	0,0%	32.050.000	1.320.500	4,1%
ÍHÍ	Íshokkisamb	13.300.000	0	0,0%	13.550.000	0	0,0%
ÍSS	Skautasamb	2.300.000	850.000	37,0%	3.300.000	0	0,0%
JSÍ	Júðósamban	11.250.000	678.685	6,0%	10.200.000	147.935	1,5%
KAÍ	Karatesamb	9.475.000	759.303	8,0%	9.650.000	439.668	4,6%
KÍ	Klifursamba	1.925.000	0	0,0%	1.875.000	375.000	20,0%
KKÍ	Körfuknattle	35.800.000	0	0,0%	50.500.000	200.000	0,4%
KLÍ	Keilusamba	12.050.000	943.300	7,8%	12.075.000	1.006.250	8,3%
KRA	Kraftlyftinga	18.225.000	0	0,0%	19.050.000	1.250.035	6,6%
KSÍ	Knattspyrnus	0	0	0,0%	0	0	0,0%
LH	Landssamba	12.450.000	200.000	1,6%	8.500.000	0	0,0%
LSÍ	Lyftingasamb	11.850.000	0	0,0%	2.300.000	0	0,0%
MSÍ	Mótorhjólaf	1.575.000	325.000	20,6%	1.800.000	225.000	12,5%
SÍL	Siglingasamb	1.162.500	0	0,0%	1.750.000	434.389	24,8%
SKÍ	Skíðasamba	36.500.000	1.647.600	4,5%	42.550.000	10.530	0,0%
SKY	Skylmingasa	11.450.000	0	0,0%	10.600.000	0	0,0%
SSÍ	Sundsamban	39.850.000	0	0,0%	38.316.758	0	0,0%
STÍ	Skotíþróttas	11.550.000	1.634.250	14,1%	8.250.000	1.000.000	12,1%
TKÍ	Taekwondos	2.200.000	191.000	8,7%	0	0	0,0%
TSÍ	Tennissamb	2.300.000	275.000	12,0%	2.300.000	0	0,0%
ÞRÍ	Þríþrautarsa	4.300.000	183.828	4,3%	3.300.000	0	0,0%
Samtals:		541.065.000	10.632.861	2,0%	548.525.483	8.236.460	1,5%

	Grunnúthlutun 2023	Niðurfellingar 2023	Hlutfall niðurfellinga 2023	Grunnúthlutun 2022	Niðurfellingar 2022	Hlutfall niðurfellinga 2022
Grunnstyrkir	38.500.000	-	0%	39.000.000	0	0%
Styrkir v/starfsmanna í afreksstarfi	84.000.000	80.270	0%	84.000.000	1.711	0%
Styrkir v/HM/EM	69.750.000	2.347.996	3%	70.775.000	1.000.467	1%
Styrkir v/heilbrigðisteymi	42.140.000	5.038.297	12%	40.575.000	3.539.114	9%
Styrkir v/menntunar þjálfara	5.587.500	901.259	16%	5.500.000	626.209	11%
Styrkir v/menntunar dómara	4.837.500	800.000	17%	4.450.000	1.079.551	24%
Styrkir v/hæfileikamótunar	34.350.000	1.465.039	4%	27.300.000	1.451.625	5%
Styrkir v/umfangs (ferðakostnaður)	111.900.000	-	0%	172.050.000	0	0%
Styrkir v/eintaklinga	41.000.000	-	0%	38.000.000	0	0%
Styrkir v/erlendra móta yngri	52.500.000	-	0%	51.000.000	537.784	1%
Styrkir v/ÓL undirbúnings	29.000.000	-	0%	9.000.000	0	0%
Aðrir styrkir	22.000.000	-	0%	3.000.000		0%
Samtals	535.565.000	10.632.861	2,0%	544.650.000	8.236.459	1,5%

2. Erindi frá sérsamböndum

- Erindi frá Fimleikasambandi Íslands um endurskoðun á umfangi

FSÍ óskaði eftir endurskoðun á útreikningum Afrekssjóðs á umfangi sérsambandsins vegna ára 2022 og 2023 sem notaður var við úthlutun stórmótastyrks úr Afrekssjóði í febrúar 2025.

Árin 2022 og 2023 var AWC mótaröðin í áhaldafimleikum metin sem B mót og fékk því stuðulinn 0,5 við útreikninga á umfangi(ferðakostnaði). Árið 2024 var unnið eftir nýjum úthlutunarreglum afrekssjóðs og nýjum viðmiðum og fékk AWC mótaröðin stuðulinn 1,0. Óskar nú FSÍ eftir að AWC mótaröðin fái 1,0 í stuðul vegna áranna 2022 og 2023 og stórmótastyrkurinn frá því í febrúar 2025 endurskoðaður.

Við breytingu á úthlutunarreglum Afrekssjóðs árið 2024 voru viðmið endurskoðuð og var þá talið rétt að meta AWC mótaröðina sem A mót. Þrátt fyrir að mótaröðin hafi verið metin sem A mót í stað B móts áður voru ekki taldar forsendur til að breyta fyrri úthlutunum. Hefði það kallað á endurskoðun á fjölda móta hjá fjölda sérsambanda sem ekki var talið rétt að gera. Að sama skapi telur Afrekssjóður því ekki rétt að endurskoða eða breyta stuðlum vegna áranna 2022 og 2023.

Erindi FSÍ er hafnað.

- **Erindi frá Judosambandi Íslands um styrk vegna þátttöku á EM**

JSÍ óskar eftir styrk vegna þátttöku á EM í Judo 2025 sem fram fór í Svartfjallalandi. JSÍ er í flokki verkefnasambanda. Við úthlutun vegna 2025 var gert ráð fyrir þátttöku JSÍ í viðkomandi móti. Samkvæmt viðmiðum ársins 2025 hljóta verkefnasérsambönd ekki styrki vegna EM þátttöku.

Erindi JSÍ er hafnað.

3. Uppgjör/Niðurfellingar 2024

Rætt var verklag við uppgjör. Hvort leyfa ætti færslu á afrekssstyrk á milli afrekspátta. Stjórn Afrekssjóðs var sammála um að halda óbreyttu fyrirkomulagi frá fyrra ári og leyfa ekki færslu á milli afrekspátta.

Rætt var hvort hafa ætti lágmark á niðurfellingum og samþykkt að eðlilegt væri að miða við að niðurfellingar væru a.m.k. um 100 þkr.

Rætt var að eðlilegt væri að yfirfara landsliðspáttöku sérsambanda og fella niður styrki vegna mótaþátttöku ef ekki var farið í ferð eða veruleg frávik væru frá áætlun.

4. Önnur mál

Umræða fór fram um fundaröð afrekssviðs ÍSÍ.

Umræða fór fram um verkefni Afrekssjóðs næstu vikur.

Upplýst var að Ársskýrslur Afrekssjóðs vegna áranna 2021-2023 hefðu verið birtar á vefsvæði sjóðsins á heimasíðu ÍSÍ.

Fundi slitið kl. 12.48